

**159. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fjarfundi,  
20. apríl 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Guðjón Snær Magnússon áheyrnarfulltrúi ungmenna, Ívar Orri Kristjánsson áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, Verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2005059 - Barnvænt sveitarfélag- sveitarfélag með réttindi barna að leiðarljósi**

Sameiginlegur fundur með velferðar- og mannréttindaráði varðandi erindisbréf fyrir stýrihóp verkefnisins.

*Kristinn Hallur Sveinsson formaður velferðar- og mannréttindaráðs, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður velferðar- og mannréttindaráðs, Einar Brandsson varaformaður velferðar- og mannréttindaráðs, Svala Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg L. Kristjánsdóttir félagsmálastjóri sitja fundinn undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð samþykkir erindisbréfið og vísar afgreiðslu í bæjarráð.*

**2. 2104146 - Ungmennaráð 2021**

Kynning á starfi og verkefnum ungmennaráðs Akraneskaupstaðar.

*Ívar Orri Kristjánsson deildarstjóri í Þorpinu og Guðjón Snær Magnússon formaður ungmennaráðs koma inn á fundinn undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir góða kynningu og umræðu. Ráðið samþykkir að boða sameiginlegan fund með ungmennaráði á seinni fund ráðsins í maí 2021.*

*Guðjón Snær víkur af fundi.*

**3. 2104145 - Sumarnámskeið/leikjanámskeið 2021**

Kynning á þeim námskeiðum sem Akraneskaupstaður býður upp á sumarið 2021.

*Ívar Orri situr áfram undir þesum lið.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir kynninguna.*

*Ívar Orri víkur af fundi.*

**4. 2101286 - Innritun í leikskóla 2021**

Afgreiðsla erindis leikskólans Akrasel varðandi aðbúnað vegna innritunar sem frestað var á síðasta fundi.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir erindið og vísar afgreiðslu í bæjarráð.*

**5. 2005083 - Skátafélag Akraness - samstarfssamningur**

Viðbætur við samstarfssamning við Skátafélag Akraness.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir viðbætur og felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að ganga frá samningi við Skátafélag Akraness.*

**6. 1802269 - Heilsueflandi samfélag**

Kynning á verkefnum Heilsueflandi samfélag Akraness.

*Skóla- og frístundaráð þakkar verkefnastjóra skóla- og frístundasviðs fyrir góða kynningu.*

*Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.  
Sign (BD, RBS, SMS, FES og VJ).*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.**